

Lög Banzai

Fyrsti kapítuli. Almenn ákvæði

1. gr. Nafn, aðsetur og tilgangur

1.1 Félagið heitir Banzai.

1.2 Aðsetur Banzai er við Háskóla Íslands í Árnagarði.

1.3 Tilgangur Banzai er að vinna að félagslegum og hagsmunalegum málefnum japönskunema og vera málsvari þeirra innan skólans og utan. Efla félagslíf og samheldni meðal félagsmanna, stuðla að áhuga á japanskri menningu og tungumáli.

1.4 Banzai verður ekki lagt niður meðan í henni eru fjórir menn eða fleiri.

2. gr. Inntaka í Banzai og úrsögn

2.1 Öllum nemendum Háskóla Íslands er heimilt að vera í Banzai. Einnig er japönskum skiptinimum við Háskóla Íslands heimill aðgangur.

2.2 Stjórn Banzai skal í upphafi hvers skólaárs gefa mönnum kost á að ganga í félagið. Stjórn Banzai ræður hvernig skráningu er háttað hverju sinni.

2.3 Félagsmaður telst sá sem æskt hefur inngöngu í Banzai og borgað félagsgjald Banzai viðkomandi starfsárs. Hann telst eingöngu genginn úr Banzai samkvæmt greinum 2.5 og 2.6.

a) Félagsgjöld og upphæð þeirra skulu ákveðin af stjórn Banzai.

b) Stjórn félagsins lætur útbúa félagaskírteini, sem afhenda skal hverjum félagsmanni, er hann hefur greitt árgjald sitt.

c) Þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald til Banzai njóta fríðinda umfram aðra nemendur. Stjórn félagsins ákveður þau fríðindi hverju sinni.

2.4 Allir embættismenn Banzai þurfa að vera félagar í Banzai á því starfsári sem þeir gegna embættinu.

2.5 Vilji einhver segja sig úr Banzai skal hann senda stjórn Banzai skriflega úrsögn.

2.6 Félagar Banzai teljast áfram félagsmenn eftir að vorönn lýkur þar til þeim hafa gefist kostur á að endurnýja félagsréttindi sín, eins og kveðið er á um í greinum 2.2 og 2.3. Þeir meðlimir Banzai sem hættir eru í japönsku að loknu skólaári teljast ekki lengur félagsmenn. Þeir nemendur sem hætta í japönsku áður en skólaári líkur teljast enn meðlimir eða þar til næsta skólaár.

Annar kapítuli. Stjórnarskipan og hlutverk

3. grein. Stjórn Banzai

3.1 Stjórn Banzai skal skipuð sex félagsmönnum Banzai: Oyabun (formaður), Varaformanni, Alþjóðafulltrúa, Skemmtanastjóra, Gjaldkera & Ritara.

3.2 Stjórn Banzai skal í sameiningu annast alla starfsemi Banzai. Heimilt er stjórn Banzai að leyfa öðrum félagsmönnum að aðstoða við störf stjórnar ef þurfa þykir. Heimilt er stjórn Banzai að skipta með sér verkum ef algert samkomulag næst.

3.3 Heimilt skal stjórn Banzai að leyfa einstökum hópum félagsmanna Banzai að starfa að áhugamálum sínum innan vébanda félagsins, og heimilt skal að veita slíkum hópum fjárstuðning.

3.4 Meirihluti stjórnar Banzai hefur heimild, á löglegum stjórnarfundum félagsins, að ógilda ákvarðanir allra undirfélaga, nefnda og embættismanna, sem taldir eru upp í greinum 8.3. og 8.4. sem snerti ákvarðanirnar starfsemi Banzai. Heimilt skal stjórn Banzai að bjóða mönnum á skemmtanir.

3.5 Allar ákvarðanir stjórnar Banzai, um rekstur og starfsemi Banzai, skulu teknar á löglegum stjórnarfundum félagsins. Oyabun Banzai boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Stjórnarfundur telst aðeins löglegur hafi hann verið tilkynntur öllum stjórnarmönnum með hæfilegum fyrirvara. Þegar teknar eru ákvarðanir, á stjórnarfundum Banzai, skal reynt að komast hjá atkvæðagreiðslu en þess í stað komast að samkomulagi. Ef atkvæðagreiðslu er ekki hjá komist ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Hver stjórnarmeðlimur Banzai hefur eitt atkvæði á stjórnarfundum.

3.6 Umboð hinnar nýju stjórnar Banzai er viðkomandi starfsár sem hún er kosin til að gegna embættinu. Í þessu felst m.a. að stjórn Banzai getur aðeins skuldbundið sig á sínu starfsári.

3.7 Starfsár Banzai hefst með aðalfundi að vori og lýkur með aðalfundi að vori, að ári liðnu.

3.8 Að loknu starfsári sínu ber stjórn Banzai siðferðisleg skylda að skilja fjármál Banzai eftir í viðunandi ástandi.

3.9 Stjórn Banzai er óheimilt að skuldbinda fé í lengri tíma en starfsár hennar nær til.

3.10 Gildandi lög Banzai skulu ætíð liggja frammi hjá stjórn Banzai og skulu félagsmenn geta fengið þau þar, sér að kostnaðarlausu. [Lög Banzai skulu einnig vera öllum félagsmönnum aðgengileg á vefsíðu félagsins].

3.11 Komi fram á félagsfundi tillaga um vantraust á stjórn Banzai skal fundarstjóri víkja úr sæti, sé hann stjórnarmaður, og fundurinn kjósa nýjan fundarstjóra. Fundarstjóri ásamt einum fulltrúa tillöguflytjenda skal láta fara fram atkvæðagreiðslu um tillöguna. Hljóti tillagan í þeirra atkvæðagreiðslu fylgi 2/3 atkvæðabærra fundarmanna, skal efna til skriflegrar atkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna undir stjórn fundarstjóra og ræður í henni einfaldur meirihluti atkvæða. Hljóti vantrauststillagan brautargengi, skal fundarstjóri sjá um nýja stjórnarkosningu, sem fara skal fram líkt og vorkosningar eftir því sem það á við. Fundarstjóra skal heimilt að kveðja félagsmenn með sér til starfa. Þessari kosningu skal vera lokið innan viku frá samþykkt vantrauststillögunnar.

3.12 Komi fram á félagsfundi tillaga um vantraust á einn eða fleiri innan stjórnar Banzai skal fundarstjóri víkja úr sæti sé hann þar á meðal, og fundurinn kjósa nýjan fundarstjóra. Fundarstjórinn skal ásamt einum fulltrúa tillöguflytjenda láta fara fram atkvæðagreiðslu um tillöguna. Hljóti tillagan í þeirri atkvæðagreiðslu fylgi 2/3 atkvæðabærra fundarmanna, skal efna til skriflegrar atkvæðagreiðslu meðal allra félagsmanna undir stjórn fundarstjóra og þeirra sem eftir sitja í stjórn, og ræður í henni meirihluti atkvæða. Hljóti vantrauststillagan brautargengi, skal fundarstjóri og þeir sem eftir sitja í stjórn sjá um nýjar kosningar, sem fara skulu fram líkt og vorkosningar eftir því sem það á við. Þeirri kosningu skal vera lokið innan viku frá samþykkt vantrauststillögunnar.

4. grein. Oyabun

4.1 Oyabun hefur æðsta vald innan stjórnar Banzai. Oyabun Banzai hefur yfirumsjón með starfi Banzai, stjórnar- fundum og öðrum samkomum félagsins. Á fundum Banzai er þó heimilt að skipa fundarstjóra úr hópi fundarmanna. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum, ræður atkvæði formanns úrslitum.

4.2 Forseti Banzai gætir hagsmuna félagsmanna Banzai í hvívetna og skal vera fulltrúi þeirra út á við.

4.3 Telji Oyabun embættismann Banzai vanrækja skyldur sínar getur Oyabun vikið honum úr starfi. Fari hinn brottvikni fram á það, er Oyabun gert að fá þar til samþykki meirihluta atkvæðabærra fundarmanna á félagsfundi Banzai sem haldinn skal innan viku frá brottvísuninni. Sé brottvísunin samþykkt, skal innan viku haldinn félagsfundur þar sem kosið verður í embættið sem losnar. Sé brottvísuninni hafnað tekur hinn brottvikni við embætti á ný.

4.4 Til að lagabreytingar öðlist gildi þurfa þær að bera undirskrift sitjandi Oyabun.

4.5 Oyabun getur neitað að skrifa undir lagabreytingar sem samþykktar eru á aðalfundi og vísað þeim til skriflegrar kosningar allra kosningabærra félaga Banzai. Þetta á þó aðeins um lagabreytingar sem stofna tilvist eða eignum Banzai í hættu

eða stríða gegn almennu siðferði og allsherjarreglu.

5. grein. Varaformaður

5.1 Varaformaður Banzai gegnir störfum Oyabun í forföllum hans.

5.2 Varaformaður skal vera vörslumaður laganna það ár er hann situr í embætti.

5.5 Varaformaður skal útvega sérhverjum félagsmanni lagasafn Banzai endurgjaldslaust ef hann æskir svo. Einnig skal hann varðveita allar lagabreytingatillögur.

5.6. Varaformaður skal einnig gegna hlutverki Trúnaðarfulltrúa. Nemendur jafnt sem kennarar geta leitað til hans undir nafnleynd og farið sé fram á það ber honum skylda að skila athugasemdum og/eða tillögum til stjórnar.

6. grein. Gjaldkeri Banzai

6.1 Gjaldkeri Banzai heimtir félagsgjöld Banzai. Gjaldkeri Banzai veitir viðtöku öllu því fé sem Banzai kann að áskotnast. Gjaldkeri Banzai heldur fénu á vöxtum og annast greiðslur úr félagssjóði. Tekjur skulu lagðar inn á reikning við fyrsta tækifæri.

6.2 Gjaldkeri Banzai skal færa tvöfalt bókhald. Þriðji aðili skal fara yfir bókhaldið með reglulegu millibili til þess að staðfesta trúnað gjaldkera.

6.3 Gjaldkeri Banzai er bundinn ákvörðunum stjórnar Banzai um fjárútlát.

6.4 Gjaldkeri Banzai fer með fjárráð undirfélaga Banzai, klúbba Banzai og embætta Banzai nema annað sé tekið fram. Gjaldkeri Banzai hefur umsjón með fjármálum klúbba Banzai og embætta Banzai.

6.5 Gjaldkeri Banzai sem og Oyabun Banzai eru prókúruhafar Banzai.

6.6 Gjaldkeri Banzai skal hafa náð sjálfræðisaldri þegar hann tekur við embætti.

7. grein. Skemmtanastjóri (Minister of Tanoshii)

7.1 Skemmtanastjóri hefur umsjón með öllum skemmtunum og samkomum Banzai.

7.2 Skemmtanastjóri getur óskað eftir hjálp annarra nefndarmeðlima og falið öðrum nefndarmeðlimum að sinna verkefnum sem tengjast samkomum á vegum Banzai.

7.3 Skemmtanastjóri sér um að koma tilkynningum um komandi viðburði til félaga Banzai með góðum fyrirvara.

8. grein. Alþjóðafulltrúi

8.1 Alþjóðafulltrúi er tengiliður stjórnar við japanska skiptinema við Háskóla Íslands sem og japönskunema í öðrum löndum.

8.2 Alþjóðafulltrúi gegnir einnig hlutverki deildarfulltrúa. Hann er með því tengiliður nemenda við skólayfirvöld.

8.3 Alþjóðafulltrúi skal vera skiptinimum til taks ef upp koma spurningar eða vandamál sem tengjast Háskóla Íslands jafnt og Banzai.

9. grein. Ritari Banzai

9.1. Ritari Banzai skal hafa bókhald á öllu því sem gerist á stjórnarfundum. Einnig skal hann skrifa tvær skýrslur á önn, yfir undarförnum viðburðum, sem nýtast skal síðar í ársskýrslu gerð.

9.2. Ritari Banzai skal skila inn skýrslum eigi síðar en viku eftir gerð skýrslana.

9.3. Ritara ber skylda að hafa umsjón með vefsíðu Banzai.

10. grein. Fulltrúi nýnema Banzai

10.1. Fulltrúi nýnema skal valinn af stjórn Banzai í upphafi haustannar. Hann skal vera í forsvari fyrir nýnema og hefur seturétt á stjórnarfundum, þó ekki atkvæðarétt.

Priðji kapítuli. Klúbbar og embætti

11. grein. Almenn ákvæði um klúbba og embættismenn

11.1 Aðalfundur Banzai hefur rétt til að leyfa einstökum félögum nemenda að starfa sem klúbbar innan Banzai, enda eru þeir einir félagar í þeim, sem jafnframt eru félagar í Banzai. Líta ber á klúbbana sem hluta af Banzai og starfsemi þeirra sem hluta af starfsemi Banzai. Þeir skulu þó halda reikningum sínum sérgreindum og skila til stjórnar fyrir lok starfsárs.

11.2 Starfsár undirfélaga Banzai fylgja starfsári Banzai

11.3 Félagar Banzai hafa aðgang að öllum klúbbum Banzai.

11.4 Umboð allra embættismanna Banzai er eitt starfsár.

11.5 Mælt er með því að klúbbar auglýsi starfsemi sína svo hver sem er geti tekið þátt. Hver klúbbur má takmarka aðgengi eftir þörfum.

11.6 Hverjum klúbbi er skylt að mismuna ekki nemendum.

11.7 Allar fjármálaráðstafanir, sem tengjast starfsemi Banzai, skulu teknar í samráði við Oyabun, gjaldkera og stjórn Banzai.

Fjórði kapítuli: Fjármál, kosningar og gildi laga

12. grein. Eignir og tekjur

12.1 Hver félagsmaður skal árlega greiða gjald til Banzai. Stjórn Banzai ákveður upphæðir þessara gjalda og innheimtir þau.

12.2 Fjármunum Banzai skal varið til starfsemi Banzai. Stjórn Banzai hefur ráðstöfunarrétt yfir fjármununum og er ábyrg fyrir aðalfundi.

12.3 Tekjuafgangi skal ráðstafað að öllu leyti til viðtakandi stjórnar.

12.4 Leggist Banzai niður renna eignir hennar til Japönskudeildar Háskóla Íslands. Deildinni er svo heimilt að ráðstafa eignum þeim eins og þeim þykir hæft.

13. grein. Kosningar og kosningatilhögun

13.1 Vorkosningar skulu fara fram á vormisseri. Telst starfandi stjórn lögmet til loka aðalfundar að vori.

13.2 Þegar kjósa skal í embætti félagsins tilkynnir kjörstjórn hvenær framboðum skuli skilað og má frestur til þess eigi vera skemmri en þrjú skóladagar. Framboði skal skila til Oyabun Banzai skriflega af frambjóðendum. Einn maður skipar hvert framboð, nema þegar um listakosningu er að ræða.

13.3 Kosningarétt og kjörgengi hafa allir skuldlausir félagar Banzai.

13.4 Þegar framboðsfrestur er útrunninn, skal stjórnin birta framboð a.m.k. einum skóladegi fyrir kosningar. Kærur skulu berast eigi síðar en einum degi fyrir kjör. Hefur kjörstjórn úrskurðarvald um þær.

13.5 Atkvæði allra kjósenda gilda jafnt. Kjósandi má greiða einu framboði atkvæði til klúbbs eða embættis, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

13.6 Sá sem flest atkvæði hlýtur í kosningunum telst réttkjörinn. Standi atkvæði á jöfnu skal hluta um röð frambjóðenda. Réttkjörni frambjóðandinn eða listinn, í vorkosningum, skal gegna því embætti, sem hann var kjörinn til að gegna, á komandi starfsári Banzai.

13.7 Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Atkvæðagreiðsla skal vera í umsjón kjörstjórnar.

13.8 Ef aðeins einn maður er í kjöri þarf viðkomandi að hljóta yfir 3/5 atkvæða til að teljast rétt kjörinn.

13.9 Í vorkosningum skulu kjörnir:

13.9.1 Oyabun Banzai, Varaformaður, Alþjóðafulltrúi, Skemmtanastjóri, Gjaldkeri og

Ritari.

13.10 Í síðasta lagi viku fyrir vorkosningar skal haldinn félagsfundur þar sem frambjóðendur til stjórnar Banzai kynna málefni sín. Séu frambjóðendur fleiri en tveir skal kosið á milli þeirra.

13.11 Segi Oyabun Banzai af sér, þá skal stjórn félagsins boða til félagsfundar innan viku frá því að afsögn hans var kunngerð. Þessum fundi stýrir Varaformaður félagsins eða til þess kjörinn fundarstjóri. Á fundinum skal kosið til embættis Oyabun Banzai á nýjan leik. Kosningin er skrifleg og í umsjón fundarstjóra. Frambjóðendur mega taka til máls einu sinni hver í stafrófsröð. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir skuldlausir félagar Banzai. Að öðru leyti og eftir því sem á við gilda sömu reglur um þessar kosningar og vorkosningar.

13.12 Segi einn eða fleiri stjórnarmenn Banzai af sér skal stjórn Banzai boða til félagsfundar innan viku frá því að afsögn eða afsagnir voru kunngjörðar. Þessum fundi stýrir Oyabun Banzai eða til þess kjörinn fundarstjóri. Á fundinum skal kjörið til þess embættis eða embætta sem kunna að hafa losnað vegna afsagna eins eða fleiri stjórnarmeðlima. Kosningin er skrifleg og í umsjón fundarstjóra. Frambjóðendur mega taka til máls einu sinni hver, í stafrófsröð. Kosningarétt og kjörgengi hafa allir skuldlausir félagar Banzai. Að öðru leyti og eftir því sem á við gilda sömu reglur um þessar kosningar og vorkosningar.

13.13 Sé stjórn ekki fullskipuð eftir vorkosningar skal auglýsa eftir framboðum hálfum mánuði eftir skólasetningu að hausti. Berist þá fleiri framboð en hámarkstala manna í stjórn segir til um, skal stjórn boða til félagsfundar. Skulu kosningar og kynningar embætta fara fram. Kosningar skulu vera skriflegar og í umsjón fundarstjóra.

13.14 Kjósa skal í þau embætti, sem engin framboð bárust í vegna vorkosningar, á aðalfundi vormisseris. Hafi engin framboð borist stjórn Framtíðarinnar fyrir aðalfund vormisseris hefur stjórn Banzai rétt til að skipa í þau embætti án kosninga, komi framboð síðar á starfsárinu.

14. grein. Kjörstjórn Banzai

14.1 Þeir stjórnarmeðlimir í stjórn Banzai, sem eru á síðasta ári og þar af leiðandi ekki kjörgengir, mynda kjörstjórn Banzai.

14.2 Kjörstjórn skal ráða tilhögun kosninga hverju sinni. Kosningar skulu vera nafnlausar.

14.3 Eigi síðar en tíu heilum skóladögum fyrir upplestrarfrí skal kjörstjórn auglýsa hvenær skila skuli framboðum. Framboðsfrestur skal minnst vera þrír heilir skóladagar. Framboð skulu kunngerð sama dag og framboðsfrestur rennur út. Kosið

skal fyrir upplestrarfrí og úrslit tilkynnt í síðasta lagi næsta skóladag eftir kosningar.

15. grein. Gildi laganna

15.1 Fyrstu grein og þessari grein þessara laga verður einungis breytt með fylgi meirihluta atkvæðisbærra félagsmanna Banzai í skriflegri kosningu. Til þess að því komi þarf viðkomandi lagabreytingatillaga að hafa hlotið fylgi 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna á löglegum aðalfundi Banzai. Lagabreytingar samþykktar í löglegum kosningum taka þegar gildi.

15.2 Breytingar á öðrum greinum félagslaga Banzai verða einungis gerðar á löglegum aðalfundi og þannig að 2/3 hlutar félagsbundinna fundarmanna samþykki. Lagabreytingar samþykktar á löglegum aðalfundi taka þegar gildi.

15.3 Þessum lögum ber að fylgja.

15.4 Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi felld öll eldri lög félagsins.

Fimmti Kapítuli: Önnur Mál

16. grein. Ýmis mál

16.1 Nýnemagleði & kynningarfundur fyrir nýnema skal haldinn í upphafi haustannar ár hvert, hið mesta tveimur vikum eftir að almenn kennsla hefst.

16.2 Í upphafi haustannar skal stjórn Banzai kynna félagið og starfsemi þessi fyrir japönskum skiptinemum Háskóla Íslands.

16.3 Allar tilkynningar í nafni Banzai sem sendar eru í tölvupósti til nemenda skulu einnig hafa enskan úrdrátt.

16.4 Stjórn skal eftir bestu getu reyna að fara í að minnsta lagi þrjá Vísindaleiðangra árlega.

16.5 Stjórn ber skylda til þess að skipuleggja í það minnsta tvær samkomur á hverri önn.

16.6 Banzai skal halda uppi einhverskonar samskiptavef þar sem tilkynningar og upplýsingar koma fram.

16.6 Allir prófessorar og kennarar japönskudeildar hafa rétt til setu á fundum félagsins og njóta þar fullkomins mál- og tillögufrelsis, svo og þeir sem til þeirra eru boðaðir.

16.7 Í lok hvers skólaárs skal fráfarandi stjórn gera ítarlega skýrslu um allt starfsárið. Tilgangur hennar er að koma upplýsingum til næstu stjórnar. Það skal tala um hvern

atburð fyrir sig og tekið fram hvað heppnaðist vel og hvað ekki. Einnig skal hvert embætti skila af sér greinagóðri lýsingu af sínu starfi. Þessu skal skilað fyrir 1.júlí ár hvert.

16.8 Lög þessi eru frá 04.2012, með breytingum frá 04.2013.